


# Ingólfur Gíslason, læknir, skrifar um FYRSTU SKÓLAGÖNGUNA

ÞAÐ VAR haustið 1887. Jeg var orðinn 13 ára og sæmilega á mig kominn til líkama og sálar. — Á engan skóla hafði jeg gengið en faðir okkar hafði sagt okkur til stundum á kvöldin og vorum við því orðnir bænabókar- og sendibrjefsferir og kunnum dálítið í reikningi, ísl.málfræði og Helgakver, en þetta þótti nú ekki nóg mentun. — Ásmundur bróðir minn var kominn í Latínuskólann og þótt jeg væri fremur latur að lesa var alltið rjett, að senda mig eitthvað til náms. Nú vildi svo til að nýlega hafði verið stofnaður alþýðuskóli þarna í nágrenninu. — Einar í Nsi átti kot, sem heitir Hljeskógar í Höfðahverfi og er næst fyrir austan stórbýlið Grýtubakka Hann mun ekki hafa leigt kotið þessi árin, heldur haft afnot af því sjálfur því hann rak allstórt bú. Fyrir skömmu hafði Einar reist þarna myndarlegt skólahús úr timbri og sennilega hefir hann notið til þess einhvers styrks úr opinberum sjóðum. — Þetta var annar veturinn sem kensla skyldi fara þarna fram og voru kennarar ráðir. —

Skólástjóri var Hermann Jónason, síðar kendur við Þingeyrar, var hann þá fremur ungur maður. Aðstoðarkennari var Friðbjörn Bjarnarson frá Vestari-Krókum og mun hann vera nýlega dáinn á Húsavík. Hann hafði stundað nám á Möðruvallaskóla. Það var síðla hausts, loft og jörð grá og morguninn fremur skuggalegur. — Jeg var kominn í sparifötin og einhverjar buxur og úlpu utanyfir, því jeg átti að fara ríðandi og reida poka með dálitlu af fötum og bókum fyrir aftan mig. Mjer var fenginn maður til fylgd-



Hermann Jónsson

ar sem Nói hjét Jónsson og var hann frændi minn.

Jeg kvaddi fólkið, snaradist á bak og hjelt af stað í þungu skapi, því þetta var í fyrsta sinn, sem jeg fór að heiman til dvalar. — Nói hafði staf í hendi og var gangandi, því það þótti óhæft að taka hesta til notkunar seint á hausti og var því ekki gert nema í ítrustu nauðsyn, því hætta var á að þeir þyrftu þá hjúkrunar við og húsavistar, en hvert heystrá var dýrmætt á þessum slægjulausu útigangsjörðum.

Við þökudumst út túnið og holtin, þótti mjer leitt að geta ekki ríðið hart, var vanur að láta spretta úr spori, en með gangandi fylgdarmann kom slíkt ekki til tals og í mestalagi hægt að láta klárinn brokka dálítið stund og stund, enda var Dumbur gamli ekki frá á fæti, síst á þessum tíma árs, líka hörsl í götu og breiðar svellrandir með með lækjum.

Skógur var farinn að sortna, gulu blöðin að mestu fallin og eitthvað fanst mjer þetta alt þunglyndislegt, en Nói sagði að það mundi birta aftur og á misjöfnu þrifust börnin best, ljet jeg það gott heita, og fór að horfa niður eftir Dalsmynninu í áttina til næsta dvalarstaðar.

Við fórum fram hjá Skarði og sá jeg að Jóhann Bessason, bóndi mundi vera í smiðju sinni, að reka járn að vanda því kolsvartan reykjarmökk lagði út um strompinn. Jeg sá Jóhann í anda, því svo oft hafði jeg komið í smiðju til hans.

Stór vexti dálítið tröllslegur með mikið hár og mjög loðnar augabrýr, þykt og sítt skegg, en spotta bundið um það rjett neðan við hökuna þegar hann var í smiðju, svo það hjeldi sjer í skefjum, Andlitið dókt af kolareyk og augun falleg þar sem í þau sást.

Hann var í þunnum stakki og aðskornum stuttbuxum, sem náðu aðeins niður fyrir hnje og voru girtar niður í fitina á sokkunum með lituðum ólum. Maðurinn var allur hinn vasklegasti, einkenmilegur og tilkomumikill eins og myndin af honum sýnir, sem er einhversstaðar í „Óðni“.

Jóhann hafði þá fyrir nokkrum árum hjálpað Tryggva Gunnarssyni við að smíða Laufáskirkju þá sem enn stendur þar og var ein fegursta kirkja landsins á sinni tíð.

Jeg má ekki vera að því, að hugsa meira um þennan stórfelda og merka mann í þetta sinn, því nú ber svo margt fleira fyrir augu.

Við fórum fram hjá næsta bæ, Litlagarði. Skafti sonur Jóhanns bjó þar nokkur ár, en dó tiltölulega

ungur. Skafti var leikbróðir okkar, en þó dálítið eldri.

Nú koma stuttar bæjarleiðir.

Fnjóská braust fram í strengjum og fossum, sem hindruðu laxinn þótt hann sje slingur að stökkva. Lengi hefir áin verið að grafa þetta djúpa skarð í fjallgarðinn, en hún hefir ódfús viljað komast út í Eyjafjörð og þegar niður hjá Borgargarði kom var þrautin unnin, þá breikkaði og víkkaði útsýnin og nú getur áin líðið og leikið sjer niður á milli grænna grunda og varphólma, sem um skeið voru þætu epli Laufás og Nes.

Hinumeginn við ána, suður með brekkunni brosir nú hið fræga prestsetur Laufás við sjónum okkar, þar er einna fegurst á landi hjer.

Ásinn gnæfir yfir, en túnið er sljett og undirvöllurinn fyrir neðan og svo varphólmarnir og Eyjafjörður í allri sinni dýrð.

Höfðahverfið er snoturt og blómleg bygð, en nú var haustblær yfir öllu. — Við sígum niður með ánni, bakkarnir voru greiðfærir og Dumbur fór að brokka og skokka því honum leiddist þóf þetta, en ekki kunni jeg við að fara langt á undan Nóa, svo jeg fór af baki og lofaði klárnum að grípa nokkur sinustrá.

Jeg sje heim að Höfða, sem líka var prestsetur í þá daga. Sjera Gunnar Ólafsson, var orðinn gamall, en synir hans: Baldvin, Þórður og Björn á ljettasta skeiði. Mjer datt í hug stúlkan sem fiskimennirnir frá Höfða drógu upp úr sjónum endur fyrir löngu, eftir því sem Þjóðsögur Jóns Árnasonar segja. Hún bað þá að sleppa sjer strax í sjóinn aftur, því hún ætti þar heima og hefði verið að skýla eldhúströmpí móður sinnar, er hún varð fyrir þessu óhappi að öngullinn kræktist í hana. Þeir tóku hana með sjer nauðuga heim að Höfða, en þar dvaldist hún eitt ár og saumaði

messuklæði fyrir Laufáskirkju af mestu snild. Segir sagan, að þau sjeu þar enn og hefir presturinn máske verið í þeim, er hann fermdi mig. — Svo sleptu þeir stúlkunni í sjóinn aftur á sama stað og þeir tóku hana og jeg sje sægráu kýrnar tólf að tölu rása heim að Höfða, en stúlkan sendi þær í þakkarskyni fyrir að henni var slept. —

Brátt heyrum við sjávarniðinn og höldum heim að Nesi, bærinn stendur skammt frá sjó, norðan ósa Fnjóskár. — Blasir nú við ströndin vestan Eyjafjarðar, Hjalteyri skagar þar fram, en þá voru þar engar verksmíðjur. —

Föðurbróðir minn, Einar Ásmundsson, bóndi í Nesi tók okkur vel, klappaði á kollinn á mjer og bæud okkur til baðstofu og skyldi jeg nú gista þar um nóttina, en Nói vildi halda heimleiðis eftir að hann hafði notið hressingar. Mjer lá við að brynna músum er jeg horfði á eftir honum þar sem hann teymdi Dumb upp eftir móunum, en er þeir voru horfnir hjelt jeg til baðstofu aftur og fór Einar að spyrja mig hvað jeg hygði til skólavistarinnar, Ljet jeg vel yfir því og bar mig mannalega þótt mig væri raunar strax farið að sárlanga til að komast heim og segja skjlið við allan mentaveg. —

Eitthvað var föðurbróðir minn að grenslast eftir því hvað jeg hefði lært og hvað mjer þætti skemti legast að lesa, en annars man jeg lítið af því samtali. Eftir að við höfðum borðað, var mjer vísað til sængur og svaf jeg af um nóttina.

Morgunin eftir ljek jeg mjer með frænda mínum og jafnaldra, Einari Gunnarssyni, sem síðar varð þjóðkunnur maður. — Einar stofnaði dagblaðið „Vísir“ og sjást spor hans víðar þjóðinni til heilla.

Þegar búid var að borða, voru hestar söðlaðir og hjeldum við af

stað upp til Hljeskóga, sem er fremur stutt, bæjarleið. —

Í fylgd með okkur Einari Ásmundssyni, var nú unglingspiltur, Ingvar Ingvarsson að nafni, var hann skjólstæðingur Einars og skyldi verða nemandi á Hljeskóga-skóla, og var jeg þá þegar búinn að eignast skólabróður.

Einar var að leggja okkur lífsreglurnar á leiðinni og hvetja okkur til að nota tímann vel. — Þegar á skólastaðinn kom, var þar fyrir margt manna, kennararnir voru komnir og allir þeir nemendur, sem búist var við 18 að tölu.

Skólastofan var einn stór aflagur salur, skyldi honum svo skift með tjaldi þegar kensla færi fram, því deildirnar áttu að vera tvær, fyrsti og annar bekkur.

Þegar menn höfðu heilsast og rætt lauslega um almenn tíðindi og veðurfar, var gengið í salinn og sest á bekkina. Einar gekk í ræðustólinn en kennarar settust í hægindi þar útfrá.

Ekki man jeg eftir að neitt væri sungið, en Einar hóf mál sitt á því, að bjóða okkur alla velkomna og talaði hægt og skýrt en ekki mjög hátt og heyrði jeg sagt, að gott væri að skrifa ræður hans, þær væru rökfestar og heilsteyptar og hver setning fæddist hægt og alsköpuð. — Mjer fanst gamli maðurinn virðulegur í ræðustólnum og ekki var annað hægt en að taka eftir því sem hann sagði og man jeg enn eina setningu úr ræðunni, mjer þótti hún svo skrítin, en hún er svona: „Þið eruð í rauninni ekki komnir hingað til þess að læra heldur til þess að læra að læra“. Og svo man jeg að hann sagði skólann settan, lagði kennurum og nemendum ýmsar reglur og óskaði góðs árangurs af starfinu, kvaddi síðan alla vingjarnlega og hjelt heimleiðis. —

Skólafsemin byrjaði með því, að kennararnir prófuðu nemendurna

og röðudu þeim eftir þekkingu þeirra. Jeg varð sá níundi í röðinni og spurði Hermann mig hvort jeg vildi heldur vera neðstur í efri bekk eða efstur í neðri bekk, tók jeg síðari kostinn, því mjer fanst það meira í munni að vera efstur.

Var nú tjaldinu hleypt niður milli bekkjanna og kensla hófst og stóð yfir fyrri part allra virkra daga, en síðari part dagsins og á kvöldin áttu menn að lesa og skyldi þá hver sitja í sínu sæti, því er honum hafði verið úthlutað samkv. röðuninni.

Piltarnir voru flestir úr Suður-Þingeyjarsýslu, voru þeir um og yfir tvítugt og jeg því lang yngstur og fyrir bragðið ætíð kallaður „Barnið“.

Í skólahúsinu var ekki nema ein stofa niðri auk salsins, sem áður er nefndur, var það rúmgóð borðstofa, anddyri var í milli borðstofu og salsins og svo gangur og stigi upp á loftið.

Í borðstofunni voru tvö borð, annað miklu lengra og var það nefnt „Ormurinn langi“, en stutta borðið „Ormurinn skammi“. Tvær konur matreiddu og þjónuðu okkur, fóru störf þeirra fram í leifum af gamla bænum á bak við timburhúsið.

Eldri konan hjét Svanborg og var hún ráðskona (Svanborg þessi var Grímsdóttir, föðursytir sjera Jóns Steingrímssonar og Guðmundar Grímssonar dómara í Ameríku), en sú yngri var til aðstoðar og hefi jeg nú gleymt nafni hennar. Nefnd var kosin meðal pilta til að sjá um aðdrætti matar og annars, er við þurfti og var svo kostnaði skift jafnt niður. Þetta var samkv. þessu heimavistarskóli með sameiginlegu mótuneyti.

Maturinn var aðallega brauð, smjör, fiskur og kjöt í ýmsum myndum og svo grautar eins og gerist. Talsverður handagangur var í öskjunni stundum og ekki frítt við að

þeir sem minna máttu yrðu fremur útundan stundum, en jeg var þá ekki í vandræðum, því jeg smaug inn í búr ef jeg var ekki saddur og fjekk einhverja uppbot, kvenfólkið var snemma gott við mig. Mjög var það misjafnt hve iðnir nemendurnir voru við lesturinn, sumir lásu mikið og höfðu því góð not af dvölinni, enda voru kennarar góðir. Jeg og aðrir slógum slöku við oft og einatt, vorum þá úti á skautum og skíðum þegar gott var veðrið og stundum var jeg í áflogum við sjálfa kennarana. Hermann hafði gaman af því að koma á mig ljettu höggi og varð jeg svo að hlaupa sem fætur toguðu og elta hann til þess að láta hann hafa síðasta, endaði þessi eltingaleikur vanalega með því, að hann skaust inn í herbergi þeirra kennaranna, en jeg kom fætinum á milli hurðar og þröskuldar, þrýsti hann þá svo fast á hurðina, að jeg varð feginn að taka fótinn til mín og labba burt. En stundum leið þó ekki á löngu, áður en hann birtist í lestrarstofunni og gretti sig framan í mig og byrjaði þá eltingaleikurinn á ný.

Yngri kennarinn átti unnustu á næsta bæ og ljet hann mig stundum hlaupa með sjer þangað á kvöldin og var jeg fús til þess, því meðan hann var að kyssa kærustuna gæddu yngri systur hennar mjer á mjólk og sætabraudi, svo báðir hjeldu ánægðir heimleidis í tungl-skininu.

Uppi á lofti skólahússins var herbergjum þann veg skipað, að stór salur var í miðju, sem náði yfir alla breidd hússins, voru þar eins mörg rúm og nemendur voru margir, flest meðfram hliðum og undir súðinni, svaf einn í hverju rúmi.

Dyr voru úr þessum almenningi til beggja enda, sem lágu inn í lítil herbergi, er voru sitt í hvorum enda hússins. Sváfu kennararnir í öðru og var sitt rúmið undir hvorri

hlið, en í hinu herberginu sváfu kvenlegu verndarenglarnir og hyggt jeg að hvorki kennarar nje nemendur hafi haft þar neinn umgang, enda munu þær hafa lokað að sjer á kvöldin. En glatt var oft og kátt í almenningnum þegar háttað var, kveðist á, sagðar sögur eða hermt eftir. Einkum voru það piltar úr Mývatnssveit sem voru snjallir í þeirri lyst. Nýlega höfðu lifað í sveitinni 4 bræður, sem þóttu einkennilegir og sögðu margt skríð, minnir mig að tveir þeirra hjetu Jón. Þeir Hjálmar Stefánsson og Kristján Guðnason náðu vel látbragði þeirra og málrómi og sögðu fyndnar sögur eða röbbuðu saman, þriðja bróðirinn ljek Árni nokkur, er líka var Mývetningur. Opnaðist þá stundum hurðin að kennaraherberginu og rödd fjórða bróðursins tók undir. Var þetta græskulaust og á engan hallað. Hermann kunni frá mörgu að segja, því hann hafði víða farið og mikið lesið, spaugsamur var hann og greindur vel.

Hræddur er jeg um að við höfum ekkert morgunkaffi fengið, en morgunmaturinn kom eftir tveggja tíma setu á skólabeckjunum og minnir mig að matarlystin væri alment góð.

Í frístundum var oft sungið, því Friðbjörn kennari var sönghneigður og hafði ánægju af að æfa piltana í því að syngja ýms lög, sem þá voru nýlega komin út meðal almennings t. d. eftir þá bræður Jónas og Helga Helgason o. fl. Glímt var stöku sinnum og dansað. Stundum var það á kvöldin, að einkennilegar aflraunir voru sýndar, var það nokkurskonar leikur, sem jeg hefi ekki sjeð fyrr nje síðar. — Tjaldið milli bekkjanna var dregið frá, en bekkjum og öllu lauslegu rutt út að veggjunum, svo þarna var til notkunar stór, aflangur gólflötur.

Hraustir skólasveinar sextán að tölu skiftust í tvo flokka og hverj-

ir þessara áttmenninga mynduðu röð þvert yfir salinn nálægt miðju og sneru flokkarnir bókum saman, hver flokkur varð að einni heild með því að krækja traustlega handleggjunum saman.

Nú byrjuðu átökin, átta bók mættu öðrum átta bókum og var nú spyrnst við af öllum kröftum og hvergi dregið af sjer, því tilgangurinn var, að hrekja andstæðingana frá miðju til enda salarins, Var þá sigurinn unninn og sigurvegurinum klappað lof í lófa.

Jeg var of lítill og kraftasmár til að taka þátt í leiknum en sat upp á bekkjahlaðanum, horfði á og þótti þetta besta skemtun. Mun þetta hafa verið góð æfing fyrir alla vöðva líkamans og því bæði til gagns og gamans þeim sem þátt tóku í leiknum.

Námsgreinar voru þær sömu sem kendar voru í fyrsta bekk realskólanna: Reikningur, Íslandslýsing, Íslandssaga, eitthvað í náttúrufræði og svo tungumálin þrjú: Íslenska, Danska og Enska. Próf haldin um miðjan vetur og svo burtfararpróf um vorið. —

Jeg fjekk leyfi til að skreppa heim til mín stöku sinnum á laugarðögum, vegurinn var alt að 10 kílómetrar og fór vanalega einhver af stóru piltunum með mjer og kom um við svo aftur á sunnudagskvöld. Jeg þjáðist af heimþrá og óyndi fyrstu vikurnar en það lagadist smátt og smátt. Fyrir kom það líka að við nemendur færur til kirkju að hlíða tíðum og eins fórum við stöku sinnum á skemtisamkomur sem haldnar voru í sveitinni en ekkert markvert kom fyrir á þessum ferðalögum.

Hræddur er jeg um, að eftirlit hafi verið lítið af skólanefndarinnar hálfu. Einar í Nesi kom einu sinni, eða tvisvar, en ekki minnst jeg þess að hann væri neitt við prófin riðinn.

Einn hjartan morgun var stofnað til mikils leiðangurs, skyldi hann farinn bæði til skemtunar og fróðleiks.

Fjallið Kaldbakur er þarna eigi allfjærri og skyldi nú gengið á fjall þetta og notið fagurs útsýnis af efsta tind þess. Við vorum óheppnir, veður fór versnandi, hríðarkólga huldi fjallshnjúkinn og þegar komið var nokkuð hátt upp eftir hlíðunum var afráðið að snúa við bæði af því að útsjeð var um að útsýn fengist að ráði og svo mun kappið hafa verið meira en forsjáin hvað allan útbúnað snerti og gerðust menn þreyttir, kaldir og svangir er líða tók á daginn en öllu reiddi vel af.

Jeg minnst ætíð þessarar fyrstu skólaværu minnar með gleði. Ekki varð skóli þessi langlífur, hann beið strax mikinn hnekki við það, að Hermann hætti þar störfum eftir þennan vetur og tók við Hóla-skóla og fóru ýmsir af piltunum þangað með honum. Að fáum vetrum liðnum hætti skólinn að vera til, var þá húsið rífið og flutt fram að Ljósavatni og endurbyggt þar sem samkomuhús.



Íslendingur nokkur kom til New York í fyrsta skifti. Þegar hann gekk eftir Broadway, stóð svo á, að nokkrir menn voru í meiriháttar slagsmálum á götunni. Hann snjeri sjer þegar að lögregluþjóni, sem var nærstaddur og sagði: — Fyrirgefið þjer herra minn, en er þetta privat slagsmál, eða mega allir taka þátt í þeim? ●



Eiginkonan: — Gullið mitt, heldurðu, að þú mundir halda áfram að elska mig þegar jeg verð gráhærð?

Eiginmaðurinn: — Jeg hefi elskað þig með rautt, svart, jarpt og ljóst hár og því skyldi jeg þá ekki halda áfram að elska þig, þótt það verði grátt.

# Vorið

Ísland á ótal sögur og allskonar söngljóð til þróttmest í þungum harmi og þýðust með vonar yl sungin af svölum bárum á sundum, flóum og vík fuglum, fossum og lindum svo frjálsleg og myndarík.

Ísland er ávalt listkært og auðugt um sumar stund fallett í feldinum græna er fellur um hlíðar og grund með skrauti broshýrra blóma með birki, víði og lyng, fljettar um fjarlæga dali, að fjöru lifandi hring.

Þá andar sólblær að sunnan svo seiðandi ljett og hlýtt í sveitunum sjerhver dagur á sóknir og takmark nýtt; beitt er þar hiklausum höndum við hrífur, vjelar og ljá; árvekni athafnamannsins slær íslenskri festu á brá.

Á höfunum hetjur okkar þeir heyja sitt djarfa stríð við hættur helkaldra djúpa jafn hugprúðir alla tíð, við öflun, með aðfluttar vörur til ástvina sinna hjer — og bylgjurnar bylltast og hækka og brotna við strönd og sker.

Í borg, í bæjum og sveitum er blikandi líf og fjör æska með eldheita drauma og alúðleg bros á vör, því skal vor-starf vaknandi þjóðar í vonum hvers einasta dags, vefja hugsjónum, hrifning og gleði um hreima sagna og brags.

Ingólfur Jónsson  
frá Prestsbakka.